

# HEIMSÓKN Á GJÖRGÆSLUDEILD – COVID-19

Heimsóknir á Landspítala eru ekki leyfðar meðan faraldur vegna COVID-19 stendur yfir. Þetta er til að vernda sjúklinga, starfsmenn og aðstandendur fyrir hugsanlegu smiti og tryggja að farið sé eftir sóttvarnarreglum.

Aðstandendur eru hvattir til að hafa samband við sína nánustu símleiðis eða með samskiptaforritum eins og Facetime, Messenger eða Skype, eftir því sem best hentar.

Í undantekningartilfellum eru heimsóknir leyfðar á gjörgæsludeild. Þær eru einungis fyrir nánustu aðstandendur, einn í einu og að hámarki í eina klukkustund einu sinni á dag. Heimsóknir til sjúklinga í einangrun vegna COVID-19 eru með meiri takmörkunum.

## **GESTIR EIGA EKKI AÐ KOMA EF:**

- Þeir eru með COVID-19 smit eða bera einhver merki sýkingar svo sem hita, hósta eða beinverki.
- Þeir eru eldri en 70 ára, veikburða eða með undirliggjandi, langvinna sjúkdóma.
- Þeir hafa verið á skilgreindum áhættusvæðum síðastliðna 14 daga.

Áður en gestkomandi fer inn á deildina er nauðsynlegt að spritta hendur. Aðstandendur klæðast hlífðarbúnaði í aðstandendaherbergi sem er eftirfarandi:

- Hlífðarsloppur.
- Einnota hanskar.
- Skurðstofugríma.

Ef sjúklingur sem verið er að heimsækja er með staðfest COVID-19 smit eða grun um smit er um það þarf að auki:

- Fínagnagrímu í stað skurðstofugrímu.
- Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.

Við eftirfarandi aðstæður mega tveir aðstandendur koma:

- Sjúklingur er barn.
- Um yfirvofandi andlát sjúklings er að ræða.
- Nánasti aðstandandi þarf stuðning annars til að heimsækja sjúkling.

Gestir þurfa að fylgja leiðbeiningum til hins ýtrasta. Starfsmenn gjörgæsludeildar veita nánari leiðbeiningar um hvernig á að fylgja sóttvarnarreglum og bera sig að.